



Spáum 0,3% hækkun vísitölu neysluverðs milli mánaða í september

Hagstofan birtir septembermælingu vísitölu neysluverðs (VNV) fimmtudaginn 27. september nk. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,3% hækkun vísitölu milli mánaða. Gangi spáin eftir hækkar ársverðbólgan úr 2,6% í 2,8%

VNV hækkaði um 0,2% milli mánaða í ágúst. Þetta var rétt undir væntingum, en opinberar spár lágu á bilinu 0,3% til 0,4%.


Helstu áhrifaþættir milli mánaða nú:

- **Flugfargjöld til útlanda** lækka alla jafna milli mánaða í september. Við gerum ráð fyrir að lækkunin sé í ríflegri kantinum vegna fjölda tilboða í mánuðinum.
- Við gerum ráð fyrir nokkurri hækkun á **mat og drykk** að þessu sinni. Ákvörðun verðlagsnefndar búvara frá 29. ágúst hafði þau áhrif að Mjólkursamsalan hækkaði gjaldskrá sína um að meðaltali 5% þann 3. september. Sú hækkun ætti að skila sér í verðmælingu Hagstofunnar nú í september en mjólkurvörur vega tæplega 20% af mat og drykk.
- **Föt og skór** hækka vegna útsöluloka.
- Kostnaður við **tómstundir og menningu** hækkar alla jafna milli mánaða í september, bæði vegna hækkana á raftækjum vegna útsöluloka og hækkana á ýmiskonar námskeiðum og íþróttum samhliða nýju skólaári.
- Við gerum ráð fyrir hækkun á **húsgögnum og heimilisbúnaði**, t.a.m. tilkynnti IKEA um að meðaltali 4% hækkun sem tók gildi 1. september.

Spá okkar nú er 0,1 prósentustigi hærri en spá okkar frá í ágúst.

	Vægi í VNV	Breyting	Spá Áhrif
Flugfargjöld til útlanda	1,6%	-17,5%	-0,28%
Aðrar vörur og þjónusta	5,8%	-0,4%	-0,02%
Póstur og sími	2,1%	-0,8%	-0,02%
Hótel og veitingast.	5,2%	-0,1%	-0,01%
Heilsa	3,9%	-0,1%	0,00%
Ferðir og flutningar - annað	4,0%	-0,1%	0,00%
Áfengi og tóbak	2,4%	0,1%	0,00%
Menntun	0,7%	0,5%	0,00%
Bensín og díselolía	3,3%	0,8%	0,03%
Kaup ökutækja	8,3%	0,4%	0,03%
Húsn. án reikn. húsaleigu	13,3%	0,4%	0,05%
Reiknuð húsaleiga	21,5%	0,3%	0,06%
Húsgögn og heimilisb.	3,8%	1,8%	0,07%
Tómst. og menning	9,7%	0,8%	0,08%
Matur og drykkjarv.	11,2%	1,1%	0,12%
Föt og skór	3,3%	5,7%	0,19%
Alls	100,0%		0,30%

Niðurbrot á spá Hagfræðideildar



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans



Verðbólga aðeins yfir verðból gumarkmiði næstu mánuði

Bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða er:

- Okt: +0,4% milli mánaða, 2,7% ársverðbólga.
- Nóv: 0,0% milli mánaða, 2,9% ársverðbólga.
- Des: +0,4% milli mánaða, 3,0% ársverðbólga.


Töluverð óvissa um verðlagsþróun næstu mánaða

Gera má ráð fyrir að töluvert meiri óvissa ríki um verðlagsþróun næstu mánaða en oft áður. Við teljum jafnframt að meiri hætta sé á að verðbólguþróun næstu mánuði kunni að vera vanmetin fremur en ofmetin. Til viðbótar við þá óvissu sem ríkir t.d. um þróun fasteignaverðs, sem hefur mikil áhrif á verðlagsþróunina, hefur óvissa um gengisþróun krónunnar aukist töluvert á síðustu dögum. Krónan hefur gefið nokkuð hratt eftir og má rekja það til óvissu varðandi skuldabréfajármögnun Wow air.


Seðlabankinn greip inn í þróunina og seldi erlendan gjaldeyri til að sporna við veikingunni en krónan var snemma dags í dag (14/9) aðeins veikari en í upphafi árs, ef miðað er við gengi krónu gagnvart evru. Víða úr atvinnulífinu hafa heyrst þær raddir að mörg fyrirtæki sem hafi haldið í sér með verðhækkningar séu komin á endastöð og þurfi nauðsynlega að hækka verðið. Verðlagshækkningar næstu mánaða kunni því að vera vanmetnar og verðbólga verði því meiri en hér er spáð.




Vísitala neysluverðs




Mánaðarbreyting VNV í september




Verðbólguþáttur




Flugfargjöld til útlanda



Reiknuð húsaleiga



Föt og skór





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.